



Fundur bygginganefndar Fljótsdalshrepps, haldinn þann 10. júní 2008 í Végarði.

Mættir á fundinn eru eftirtaldir:

Pórarinn Rögvaldsson	formaður bygginganefndar
Eiríkur J. Kerúlf	nefndarmaður
Guðveig Eyglóardóttir	nefndarmaður
Úlfar Trausti Þórðarson	byggingafulltrúi

Bygginganefnd barst umsókn um byggingaleyfi, frá Baldri Hjaltasyni kt. 130664-4159 Langhúsum í Fljótsdalshreppi, vegna íbúðarhúss. Um er að ræða húsnæði sem er 77,5 m² að grunnfleti ásamt 13,5 m² verönd brúttó. Þetta er einingarhús í 3 hlutum með möguleika á tilfærslu þess tveir stálbitar undir hverri einingu fyrir sig og með steyptri undirstöðu. Húsinu hefur verið valin staður við hlið gamla hússins á Langhúsum og skal gamla húsið notað sem geymsla í framtíðinni. Ný neysluvatnslögn og rotþró verður gerð samhliða framkvæmdum húsgrunns. Húsið stendur, í dag, á Hvammseyri og verður flutt þaðan um leið og staðsteypdir sökklar eru tilbúnir á Langhúsum. Húsið er teiknað af Svani Eiríkssyni og smíðað af trésmiðju Sveins Heiðars á Akureyri. Björgunarop eru í hverju íverurými. Húsið skiptist upp í tvö svefnherbergi, eldhús, stofu, bað, forstofu og þvottahús.

Gólfíð er 200 mm þykkt timburgólf, einangrað með 150 mm steinull og 22 mm gólfplötur lagðar yfir. Útveggja timburgrind er 123 mm klætt með 9 mm krossvið og standandi timburklæðningu. Veggir og loft eru klædd að innan með gifsplötum. Þakið er uppbyggt af kraftsperrum með 18 mm krossviði ofan á, ásamt þakpappa og þakstáli. Einangrun þaksins er 200 mm þakull.

Bygginganefnd samþykkir umsóknina að sínu leyti án athugasemda.